

ENDURVINNSLA EFNÆIMINGAR EHF.

Í HÖFNUM, REYKJANESBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurvinnsla Efnæimingar ehf. á allt að 90 tonnum á ári af fljótandi leysiefnum með því að eima þau frá þurrefnum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif starfsemi efnæimingar á gæði lofts og sjávar séu hverfandi af reglubundinni starfsemi. Ræður þar mestu að magn efna sem tekin eru til meðhöndlunar er fremur lítið. Engu að síður er um að ræða eldfim leysiefni sem geta haft alvarleg áhrif í för með sér ef óhapp á sér stað. Hins vegar telur Skipulagsstofnun að þær hættur megi lágmarka með ákvæðum í starfsleyfi um mengunarvarnir og verklag við flutning og meðhöndlun efnanna. Í því sambandi telur Skipulagsstofnun eðlilegt að fjallað sé í starfsleyfi um ráðstafanir til að hindra að efni frá starfseminni berist í niðurföll og þaðan til sjávar.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um umfang og áhrif starfsemi Efnæimingar til að unnt sé að ljúka ákvarðanatöku um matsskyldu starfseminnar. Af frekari umsögn Umhverfisstofnunar er samt sem áður ljóst að eftir er að útfæra verklag og mengunarvarnir þannig að þær ábendingar sem Umhverfisstofnun hefur ítrekað bent á verði til lykta leiddar áður en fyrirtækið hefur starfsemi. Skipulagsstofnun telur því að það sé Umhverfisstofnunar að útfæra starfsleyfi fyrirtækisins þannig að hætta á mengun vegna efna sem kunna að berast í fráveitu sem og möguleg lykt frá starfseminni verði í algjöru lágmarki.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. ágúst 2011.

INNGANGUR

Þann 29. apríl 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Efnæimingu ehf. um endurvinnslu á fljótandi leysiefnum að Seljavogi 14 í Höfnum, Reykjanesbæ til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 12. maí 2011, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 16. maí 2011, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 18. maí 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. og 30. júní 2011 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 13. maí 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Efnæimingu ehf. með bréfi dags. 27. maí og 16. júní 2011 og tölvupósti dags. 20. og 22. júní 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Efnæimingar ehf. kemur fram að fyrirtækið endurvinni fljótandi leysiefni með því að eima leysiefni frá þurrefnum. Þannig fáist hrein leysiefni sem hægt sé að endurnýta að fullu. Til starfseminnar sé notaður hluti húsnæðisins að Seljavogi 14, Höfnum, ásamt afgirtu útisvæði. Vinnslan fari fram á afgirtu útisvæði í sérsmíðuðum gámi. Þar séu einnig geymd hráefni og afurð vinnslunnar. Útisvæðið sé steinsteypt plan með sandgryfju og niðurfalli. Niðurfallið sé leitt í steiptan brunn við hlið hússins sem auðvelt sé að dæla upp úr. Á brunninum sé lokunarbúnaður sem sé tengdur frárennsli. Innandyra sé aðstaða til viðhalds og geymslu tækja ásamt skrifstofu, salerni og kaffiaðstöðu. Uppistaða hráefnanna sé terpentína, sellulósa þynnir og etanol, blönduð þurrefnum. Efnin komi aðallega frá Efnamóttökunni hf. og iðnfyrirtækjum. Hráefnislager fyrirtækisins sé um 10-20 tonn að meðaltali. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að hreinsa um 90 tonn á ári.

Fram kemur að til vinnslunnar sé notað eimingartæki. Eimingarleifar, þurrefni, séu losuð úr vinnslutankinum eftir eimingu hverju sinni í 200 lítra stáltunnur og þeim lokað. Engin aukaefni séu notuð við vinnsluna. Afurðin sé seld í 1.000 lítra tönkum. Áætlað vinnslumagn á ári sé nú um 80-90 tonn. Að undangengnum rannsóknum á eimingaleifum frá vinnslunni hefur fengist staðfest að hluta þeirra má urða. Uppgufun í vinnsluferli vélarinnar sé varla merkjandi en þó helst þegar losaðar séu eimingarleifar úr vélinni. Til þess að komast sem mest hjá þeirri uppgufun sé eimingarvél Efnæimingar með kælíbúnaði á eimingarpotti. Uppgufun efnanna sé innan við 0,1 % af vinnslumagninu.

Fram kemur að öllum eimingarleifum sé safnað saman og þeim skilað til Efnamóttökunnar í Reykjavík. Þar fari fram mat á því hvað sé hæft til urðunar og hvað skuli brennt. Eimingarleifarnar, sem séu um 1-10 % af hráefnum, séu geymdar í stáltunnum inni á afgirtu athafnarsvæðinu og skilað til Efnamóttökunnar jafn óðum og ný hráefni séu sótt. Til kælingar noti eimingarvélin kalt vatn sem sé leitt í gegnum vélinu í lokuðu kerfi og komist því aldrei í snertingu við efnin eða annað sem gæti mengað það. Af vinnslunni stafi engin hávaði, aðeins lágvært suð í vélbúnaði.

Öryggi og eldvarnir. Fram kemur að rekstraraðili hafi unnið náið með eftirlitsaðilum bruna- og vinnueftirlits við uppsetningu vinnuástöðunnar. Lagfæringar hafi verið gerðar í kjölfar ábendinga þessara aðila. Þess utan hefur rekstraraðili hlífðarbúnað fyrir starfsmenn sem ekki hefur verið krafist annarstaðar þar sem unnið er með viðkomandi efni, t.d. ferskloftshjálma.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að það mat framkvæmdaraðila að starfsemi Efnæimingar í Höfnum sé ekki líkleg til þess að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Vinnueftirlits ríkisins að ekki sé tilefni til þess að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif af völdum fráveitu. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé nægilega skýrt hvernig frárennsli sé háttað frá vinnslunni. Niðurfall frá vinnslunni sé leitt í steiptan brunn við húsnæði vinnslunnar og að lokunarþúnaður sé á brunninum sem tengdur sé við frárennslið. Að mati stofnunarinnar þyrfti að koma skýrar fram hvaða efni séu í frárennslinu, hverju sé dælt úr brunninum og hvenær, og hvaða efnum sé hleypt um lokunarþúnað í frárennsli. Einnig þyrfti að koma fram hvort frárennslið sé að einhverju leyti meðhöndlað áður en það sé leitt út og hvort frárennslið fari í Ósaboтна sem sé svæði á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti einnig að koma fram hvaða varúðarráðstafanir séu fyrir hendi ef efni sleppa út við óhapp, hvort sem það er í andrúmsloftið eða í frárennsli.

Í svörum Efnæimingar kemur fram að undir eðlilegum kringumstæðum sé ekkert annað í frárennslinu en rigningarvatn sem falli á planið. Lokunarþúnaðurinn sé einungis til staðar ef efni hellast niður af ófyrirséðum ástæðum. Einungis yrði dælt upp úr brunninum í slíku tilfelli. Rigningarvatni sé hleypt úr brunninum þegar fari að hækka í honum eftir margra daga vætutíð og þá sé tryggilega að því gætt að engin leysiefni séu til staðar í frárennslinu. Frárennslið er fyrir opnu hafi eins og skólplögn bæjarfélagsins.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þró á plani við húsnæði starfseminnar taki við frárennsli frá starfseminni, en þróin taki einnig við regnvatni af planinu. Á þróinni sé lokunarþúnaður, sem sé opnaður þegar regnvatn hafi safnast í þróna. Frá krana sé frárennslið leitt út í sjó, en viðtakinn sé strandsvæðið Ósaboтна sem sé á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar sé ofangreint fyrirkomulag óhentugt, þar sem útstreymi á leysiefnum frá starfseminni eigi ekki að vera mögulegt undir neinum kringumstæðum. Ofangreind þró þurfi því að vera lokuð að mati stofnunarinnar. Ef þróin sé lokuð þá komist leysiefni ekki frá þróinni í frárennsli, en við núverandi fyrirkomulag þegar opnanlegur krani sé á þróinni þá geti leysiefni fyrir mistök farið um opinn krana í frárennsli. Að mati Umhverfisstofnunar sé hætta á að með núverandi fyrirkomulagi kunni leysiefni að berast í umhverfið. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þar sem hráefni til vinnslu hjá Efnæimingu séu að hluta spilliefni, þurfi að gera áhættumat á starfseminni og viðbragðsáætlun ef óhapp skyldi verða samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Áhrif á loftgæði. Umhverfisstofnun bendir á að ekkert sé fjallað um loftmengun eða lyktarmengun sem fylgt gæti vinnslunni. Umhverfisstofnun hafi borist kvörtun um lyktarmengun frá starfsemi Efnæimingar og telji stofnunin því mikilvægt að gerð sé grein fyrir hættu sem sé á lyktarmengun og loftmengun frá vinnslunni og hvernig verði brugðist við henni ef til kemur.

Í svörum Efnæimingar kemur fram að engar varnir séu gerðar vegna andrúmslofts enda ekki þörf á slíku við vinnsluna og tæknilega illframkvæmanlegt ef óhapp á sér stað.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem tilkynningar um lyktarmengun hafi borist frá Höfnum telji Umhverfisstofnun afar brýnt að gengið sé úr skugga um að tryggt sé að starfsemi Efnæimingar sé ekki uppspretta slíkrar lyktarmengunar. Umhverfisstofnun telji að ekki sé líklegt að lyktarmengun sé til staðar í neinum mæli meðan eimingin sjálf fari

fram þar sem um sé að ræða lokað kerfi. Lyktarmengun geti hins vegar orðið t.d. við meðhöndlun og dælingu hráefnis inn í eimingartækið og hreinsun tækisins að eimingu lokinni. Að mati Umhverfisstofnunar þurfi því að liggja fyrir hvaða verklag sé notað til að minnka lyktarmengun, annars vegar þegar hráefni fari inn í eimingartækin og hins vegar þegar eimingartækin séu þrífín. Umhverfisstofnun telji að ekki sé hægt að meta hugsanleg áhrif lyktarmengunar á umhverfið nema upplýsingar um ofangreind atriði að liggja fyrir.

Áhrif á svæði á Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem starfsemi Efnæimingar sé áætluð á sé innan svæðis á náttúruminjaskrá, þ.e. Ósar í Reykjanesbæ. Að mati Umhverfisstofnunar sé afar mikilvægt að tryggt sé að efni, svo sem leysiefni, fari ekki í frárennsli til sjávar á svæði á náttúruminjaskrá, enda geti slík efni haft afar skaðleg áhrif á fjölbreytt líf í fjöru, áhrif sem í versta falli séu óafturkræf.

Í svörum Efnæimingar kemur fram að í úttekt Vinnueftirlits ríkisins hafi komið fram að lekahættan takmarkist við hundruð lítra en mest fáa rúmmetra af lífrænum leysum, slíkur leki þessara efna gæti aldrei valdið merkjanlegum spjöllum þótt hann kæmist óhindrað til sjávar. Ítrekað sé að slíkur leki eigi ekki möguleika á að komast óhindrað í gegnum frárennslið.

Öryggi og eldvarnir. Vinnueftirlit ríkisins bendir á að hættan sem af starfseminni stafi sé fyrst og fremst brunahætta en efnin séu almennt ekki eða lítið eitruð lífræn leysiefni. Mengun stafi aðallega af hættu á leka frá einum eða mögulega nokkrum brettatönkum niður á athafnasvæðið og í svelg þar. Leiki takmarkist því við hundruð lítra en mest fáa rúmmetra af lífrænum leysum, eða efnablöndu sem inniheldur leysiefni, en þróin sem taki við afrennslinu sé sögð vera með loka á afrennsli sem hægt sé að loka. Leysiefnalykt gæti borist í hús í Höfnum standi vindur í þá átt sem og reykur frá bruna.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendir á að starfsemi Efnæimingar feli í sér meðhöndlun spilliefna, samkvæmt fylgiskjali 1 við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og skuli því sækja um starfsleyfi fyrir slíka starfsemi til Umhverfisstofnunar. Jafnframt gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kröfu um að bestu fánlegu tækni skuli beitt við mengunarvarnir fyrirtækisins.

Í svörum Efnæimingar ehf. kemur fram að fyrirtækið hafi í öllu farið eftir óskum og ábendingum um mengunarvarnir frá Heilbrigðiseftirlitinu þau ár er stofnunin var með umsókn um starfsleyfi rekstraraðila hjá sér. Kröfu um mengunarvarnir ætti fremur að miðast við þarfir, umfang vinnslu, efni og magn efna hjá rekstraraðila í stað þess að krafist sé að bestu fánlegu tækni skuli beitt.

Mannvirkjastofnun bendir á að slökkvilið sveitarfélagsins þurfi að vera vel upplýst um gerð og magn þeirra efna sem notuð séu og geymd á umráðasvæði fyrirtækisins. Starfsemin geri það að verkum að slökkviliðið hafi yfir að ráða sérstakri „alcohol resistant“ froðu við slökkvistarf en slíkt efni sé alla jafna ekki notað í slökkvistarfi slökkviliða sveitarfélaga og er almennt ekki í þeirra eigu. Brunahönnun af starfseminni og geymslu efnanna verði að fara fram. Eðlilegt sé að slíkt yrði skilyrt í leyfum fyrir verksmiðjunni, rekstri hennar og öllum flutningum til og frá henni.

Í svörum Efnæimingar ehf. kemur fram að rekstraraðili hafi alla tíð verið í góðu samráði við Brunavarnir Suðurnesja sem hafi gert úttekt á starfseminni og meðal annars óskað eftir breytingum á staðsetningu og uppröðun efnanna sem farið hafi verið eftir. Í úttektinni hafi meðal annars verið farið yfir samsetningu og magn þeirra efna sem verði á staðnum. Slökkviliðið hafi ekki yfir að ráða „alcohol resistant“ froðu. Efnæiming hafi ekki ráðgert brunahönnun. Vinnslan fari fram í 20 feta stálgám utandyra með tækjum sem standist allar öryggiskröfur sem gerðar séu til slíkra vinnslutækja í Evrópu. Efnin (10-20 tonn) séu geymd í viðurkenndum 1 rúmmetra flutningstönkum á steypu afgirtu plani utanhús eða í

flutningsgámi. Heildarmagn sé því innan við einn bílfarmur. Enginn vinnsla eða geymsla efna sé innanhús. Því verði ekki séð að ákvæði brunalaga um brunahönnun eigi við um umgjörð og umfang slíkrar starfsemi.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt evrópskri löggjöf sé metanól merkt sem eitur og samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, teljist úrgangur spilliefni ef hann inniheldur 3 % eða meira af efnunum sem séu flokkuð sem eitur.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurvinnslu Efnaeimingar ehf. á allt að 90 tonnum á ári af fljótandi leysiefnum með því að eima þau frá þurrefnum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif starfsemi efnaeimingar á gæði lofts og sjávar séu hverfandi af reglubundinni starfsemi. Ræður þar mestu að magn efna sem tekin eru til meðhöndlunar er fremur lítið. Engu að síður er um að ræða eldfim leysiefni sem geta haft alvarleg áhrif í för með sér ef óhapp á sér stað. Hins vegar telur Skipulagsstofnun að þær hættur megi lágmarka með ákvæðum í starfsleyfi um mengunarvarnir og verklag við flutning og meðhöndlun efnanna. Í því sambandi telur Skipulagsstofnun eðlilegt að fjallað sé í starfsleyfi um ráðstafanir til að hindra að efni frá starfseminni berist í niðurföll og þaðan til sjávar.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um umfang og áhrif starfsemi Efnaeimingar til að unnt sé að ljúka ákvarðanatöku um matsskyldu starfseminnar. Af frekari umsögn Umhverfisstofnunar er samt sem áður ljóst að eftir er að útfæra verklag og mengunarvarnir þannig að þær ábendingar sem Umhverfisstofnun hefur ítrekað bent á verði til lykta leiddar áður en fyrirtækið hefur starfsemi. Skipulagsstofnun telur því að það sé Umhverfisstofnunar að útfæra starfsleyfi fyrirtækisins þannig að hætta á mengun vegna efna sem kunna að berast í fráveitu sem og möguleg lykt frá starfseminni verði í algjöru lágmarki. Vegna athugasemda Mannvirkjastofnunar um brunahönnun mannvirkja vill Skipulagsstofnun benda á að starfsemin felur ekki í sér mannvirkjagerð. Starfsemin fer fram í sérstökum gámi og því ekki um hönnun nýrra mannvirkja að ræða. Engu að síður telur Skipulagsstofnun brýnt að Efnaeiming ehf. hafi náð samráð við slökkvilið og eldvarnaeftirlit á svæðinu um tilhögun starfseminnar og gerðar séu ráðstafanir til að lágmarka eldhættu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Efnaeimingar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Efnaeimingar ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurvinnsla Efnaeimingar ehf. á allt að 90 tonnum á ári af fljótandi leysiefnum með því að eima þau frá þurrefnum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. ágúst 2011.